

**Kennari:**  
Ingvi Hrafn Laxdal Victorsson

**Kennslufyrirkomulag:**  
Fræðsla í listum og verklegt nám í smiðjutvennd

**Tímafjöldi:**  
6 kennslustundir

**Bekkur:**  
5. – 6. bekkur

### Myndmennt - sjónlistir

Myndmennt – sjónlistir eiga bjóða upp á rými fyrir nemendur til að rannsaka og gera tilraunir með mismundi listræna miðla og prufa sig áfram með aðferðum og hugtökum ásamt því að virkja sjálfstæða rödd hvers og eins.

Allir nemendur hafa hæfileika til að skapa. Í listum og sköpun fá nemendur tækifæri og svigrúm til að þroska með sér þann hæfileikann til að takast á við sjálfan sig jafnt og umhverfið okkar. Hvað er list og fyrir hvern er list? Allir geta fengið hugmyndir og allir geta skapað og það eitt og sér er list.

Nemendur þroska með sér forvitni og þar afleiðandi þroska nemendur með sér hæfnina um gangrýni og rannsókn. Nemandinn sem rannsakandi er skapandi í hugmyndum sínum ferli og sköpun.

Í listum og sköpun er ýmis konar læsi, á menningu, umhverfið, samskipti og fleira. Nemendur kynnast fjölbreyttum leiðum til þekkingaleitar og vinnuaðferða sem nýtist þeim til að efla hæfni sína til að takast á við fjölbreytileika nútímasamfélags. Samvinna er lykilatriði en áhersla er á að einstakir nemendur geti kannað þætti sem vekja áhuga á eigin spýtur þar sem viðfangsefni þeirra verði að lokum hluti af viðfangsefni hópsins.

Listir bjóða upp á nýja sýn á það sem við þekkjum og það sem við þekkjum ekki. Myndrænlestur hefur fylgt maninum alveg frá upphafi mankyns og list er allt í kringum okkur í alkyns myndum, formum, flæði og litum. Hvort sem við skynjum það eða ekki. Með því að þjálfra læsi í listum eflum við sjálfbærni og ýttum undir hugmyndir einstaklinga sem skila sér í fjölbreyttara og opnar samfélagi.

## Myndmennt – sjónlistir

Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið <i>Að nemandi:</i>	Leiðir:
<p><i>Formfræði, litafræði og myndbygging</i></p> <p>Frumþættir myndlistar, lita og formfræði</p> <p>Teikning, málun og litun með mismunandi litategundum og áhöldum</p> <p>Klippimyndir og blönduð tækni</p>	<p><b>Bækur og myndefni:</b> Listaverkabækur</p> <p>Litafræði</p> <p>Formfræði</p> <p>Efni af vef</p> <p><b>Efni og litir:</b> Margskonar pappír</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– þekki frumliti og grunnformin í umhverfinu og nýti sér þau í myndgerð</li> <li>– þekki litahringinn</li> <li>– geti beitt mismunandi litatónum</li> <li>– þekki einfalda myndbyggingu</li> <li>– þekki nálægð og fjarlægð</li> <li>– geti tjáð sig á myndrænan og skapandi hátt</li> <li>– læri fjölbreyttar aðferðir, efnisnotkun og leiðir til sköpunar</li> <li>– þjálfist í mynsturgerð og prufi mismunandi áferðir</li> <li>– geti unnið sjálfstætt og læri þá færni og þekkingu lita og formfræðinnar</li> <li>– öðlist færni í að umgangast efni og áhöld af virðingu og læri að ganga rétt frá eftir sig</li> <li>– geti unnið út frá eigin styrkleikum</li> </ul>	<p>Innlagnir kennara</p> <p>Sýnikennsla</p> <p>Sjónrænar kveikjur</p> <p>Umræður og vinnsla út frá kveikjum í hópum eða einstaklingsvinnu</p> <p>Tilraunavinna og unnið með nýtingu á hlutum (endurvinnsla)</p>
<p><i>Tækni</i></p> <p>Teikning, skissuvinna, línur, litir og málverk</p> <p>Hugmynd og framkvæmd hugmynda</p>	<p>Tré-, túss- og vaxlitir</p> <p>Þekju-, vatns- og akrýllitir</p> <p>Margskonar verðlaus efniviður sem finna má í náttúrunni</p>		
<p><i>Listrýni</i></p> <p>Mynd út frá sögu.</p> <p>Teikna eftir tónlist og tilfinningum</p> <p>Tjáning um eigin verk og annarra á uppbyggilegan hátt</p> <p>Ákveðnar lista-stefnur og listamenn</p>	<p><b>Áhöld og tæki:</b></p> <p>Blýantar</p> <p>Pennar</p> <p>Svampar</p> <p>Skæri</p> <p>Reglustikur</p>		
<p><i>Umgengni</i></p> <p>Meðhöndlun efna og áhalda og umgengni í stofunni og á sínu vinnusvæði</p>	<p>Teikniborð</p> <p>Penslar</p> <p>Blöndunarbakkar</p>		
<p><b>Námsmat:</b></p>	<p>Allir þættir námsins eru metnir samkvæmt hæfniviðmiðum Aðalnámskrár Grunnskóla. Lögð er áhersla á símat, leiðsagnarmat, frammistöðu og færni nemandans.</p>		